



Nefndasvið Alþingis  
Allsherjar- og menntamálanefnd  
Austurstræti 8-10  
150 Reykjavík

Sauðárkróki 11. maí 2023

## **Efni: Umsögn um tillögu til þingsályktunar um stefnumótandi aðgerðir til eflingar þekkingarsamfélags á Íslandi til ársins 2025. Þingskjal 1530, 982. mál.**

Bygðastofnun hefur fengið til umsagnar tillögu til þingsályktunar um stefnumótandi aðgerðir til eflingar þekkingarsamfélags á Íslandi til ársins 2025.

Stofnunin tekur undir meginmarkmið og framtíðarsýn þingsályktunarinnar. Sérstaklega tekur stofnunin undir meginmarkmið nr. 3 þar sem segir: „Meginmarkmið í fjarskiptum, upplýsingatækni og netöryggi verði að tengja byggðir landsins og Ísland við umheiminn og að innviðir og þjónusta mæti þörfum almennings og atvinnulífs. Stuðlað verði að sjálfbærri þróun á landsvísu með nýtingu stafrænna lausna. Tryggt verði öflugt netöryggi til að svo megi verða.“ Markmið þetta styður við markmið stjórnvalda sem koma fram í gildandi byggðaáætlun, að jafna aðgengi að þjónustu, jafna tækifæri til atvinnu og stuðla að sjálfbærri þróun um land allt.

Í þingsályktunartillögunni eru 28 aðgerðir sem styðja eiga við meginmarkmiðin. Bygðastofnun leggur sérstaka áherslu á öflugt fjarnám en það er ein tryggasta leiðin til að jafna aðgengi fólks að háskólanámi þ.m.t. þeirra sem búa fjarri háskólum landsins. Betur færi á því ef efling fjarnáms væri sérstök aðgerð og í henni væru skýrari markmið fyrir ríkisháskólana um eflingu fjarnáms.

Endurskoðun á lögum um Menntasjóð námsmanna og aukin áhersla á námsstyrki í stað námslána auka jafnrétti til náms. Stofnunin minnir á að í núgildandi lögum eru ákvæði um heimildir til sérstakrar ívilnunar vegna námsgreina og vegna námsgreina á sérstökum svæðum. Í endurskoðun á lögum um Menntasjóð væri æskilegt að þessi ákvæði yrðu styrkt í sessi, en unnið er að því að virkja þessi heimildarákvæði, sbr. aðgerð A.6. í gildandi byggðaáætlun.

Bygðastofnun fagnar þeirri stefnumörkun sem fram kemur í þingsályktunartillögunni um að gera eigi átak í uppbyggingu fjarskiptainnviða í landinu. Aukin ljósleiðaravæðing, bætt 5G farnetssamband fyrir heimili og fyrirtæki, auk bættra fjarskipta á öllum helstu leiðum og ferðamannastöðum styður við við öll þrjú meginmarkmið byggðaáætlunar og eru auk þess gífurlega mikilvægt öryggisatriði.

Virðingarfyllt  
f.h. Bygðastofnunar

Arnar Már Elíasson  
forstjóri